

Tekjuáætlun

forsenda greiðslna frá Tryggingastofnun

Tekjuáætlun er forsenda greiðslna frá Tryggingastofnun. Til að lífeyrisþegar fái réttar greiðslur og þátttaka vistmanna í dvalarkostnaði sé rétt þurfa fullnægjandi upplýsingar um tekjur að liggja fyrir. Lífeyrisþegar eða fjárhaldsmenn þeirra hafa besta yfirsýn yfir árstekjur og því er nauðsynlegt að þeir fari yfir tekjuáætlanir og leiðrétti ef þarf.

Með vandaðri tekjuáætlun er hægt að koma í veg fyrir rangar greiðslur sem þarf að leiðrétta síðar. Greiðslur eru endurreiknaðar og leiðréttar þegar álagning skattfyrivalda liggur fyrir.

Undir lok hvers árs er öllum lífeyrisþegum send tillaga að tekjuáætlun næsta árs sem þeir þurfa að fara yfir og leiðrétta ef þörf þykir. Tillagan er byggð á skattframtali, staðgreiðslu og að einhverju leyti síðustu gildandi tekjuráætlun hafi henni verið breytt af greiðsluþega. Forskráðar tekjur eru hækkaðar samkvæmt tillögum stjórnvalda um almennar vísitöluhækkunar.

Hægt er að leiðrétta tekjuáætlun hvenær sem er á, vefnum **www.tryggur.is**, hjá ráðgjöfum Tryggingastofnunar eða hjá umboðsmönnum um allt land. Einnig má skoða tekjur sínar í staðgreiðsluskrá rsk, á vefnum **www.skattur.is**.

Í þessum bæklingi er að finna útskýringar á einstökum liðum tekjuáætlunar.

Sérstök athygli er vakin á að greiðsluþegar og vistmenn á dvalar-og hjúkrunarheimilumbera sjálfir alla ábyrgð á að tekjuáætlun þeirra sé rétt.

Tillaga að tekjuáætlun

Ný tekjutegund

Athugið sérstaklega hvort einhverja tekjuliði vanti í áætlunina. Mun taka lífeyris úr lífeyrissjóði hefjast á árinu? Stendur til að selja eignir sem mynda fjármagnstekjur? Slíkar breytingar skapa tekjur sem geta skipt máli við útreikning greiðslna almannatrygginga. Best er að áætla þær tekjur sem af þessu kunna að skapast og skila nýrri tekjuáætlun þegar endanlegar tölur liggja fyrir.

Heildartekjur

Áætlunin gerir ráð fyrir heildartekjum ársins fyrir staðgreiðslu skatta. Ekki skal skrá mánaðartekjur. Ef vænta má að tekna verði aflað hluta úr ári er áætluð heildarfjárhæð þeirra skráð og skrá athugasemdir í þar til gerðan reit.. Fjármagnstekjur eru sameiginlegar tekjur hjóna og á að skrá heildarupphæð þeirra.

Tekjur maka

Tekjur maka hafa ekki áhrif á greiðslur frá Tryggingastofnun. Þó skal ítrekað að fjármagnstekjur eru sameiginlegar tekjur hjóna/sambýlisfólks og skiptir þá ekki máli hver er eigandi þeirra.

Erlendar tekjur

Ef um erlendar tekjur er að ræða er gerð grein fyrir þeim á eyðublaðinu **Tekjuáætlun fyrir árið 2009 – erlendar tekjur**. Hafi eyðublaðið ekki fylgt með er það að finna á vefnum **www.tr.is**, hjá umboðum um land allt og í þjónustumiðstöð.

Gagnaöflun

Ef ástæða þykir áskilur Tryggingastofnun sér rétt til að kalla eftir gögnum til stuðnings nýjum/breyttum tekjuupplýsingum, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 og eftir atvikum fresta nýjum útreikningi greiðslna þar til gögnin berast.

Nokkur mikilvæg atriði

1. Atvinnutekjur

1.1 Launatekjur

Hér eru færðar heildartekjur launa, að meðtalinni yfirvinnu og orlofi og hvers konar greiðslum, svo sem fæðingarorlofsgreiðslum, dagpeningum, bifreiðastyrkjum og öðrum hlunnindum.

Bifreiðastyrki og dagpeninga skal tilgreina að frádregnum kostnaði sem heimilt er að draga frá á skattframtali. Heildartekjur eru tekjur fyrir skatta og áður en iðgjöld í lífeyrissjóð eru dregin frá.

1.2 Reiknað endurgjald

Hér eru færð reiknuð laun vegna eigin atvinnurekstrar.

1.3 Atvinnuleysisbætur

Hér er færð áætluð upphæð atvinnuleysisbóta á næsta ári.

1.4 Hagnaður af atvinnustarfsemi

Hér er færður áætlaður rekstrarhagnaður ársins af eigin atvinnustarfsemi.

1.5 Iðgjald í lífeyrissjóð til frádráttar

Hér færast inn áætlaðar skyldubundnar greiðslur í lífeyrissjóði. Að hámarki má skrá 4% af launum, reiknuðu endurgjaldi og atvinnuleysisbótum skv. liðum 1.1, 1.2 og 1.3.

1.6 Iðgjald í séreignasjóð til frádráttar

Hér færast áætlaðar greiðslur í séreignasjóði, sem heimilt er að draga frá skattstofni. Að hámarki má skrá 4% af launum, reiknuðu endurgjaldi og atvinnuleysisbótum skv. liðum 1.1, 1.2 og 1.3.

2. Lífeyrissjóðstekjur

2.1 Lífeyrissjóðstekjur

Með lífeyrissjóðstekjum er átt við tekjur úr lífeyrissjóðum vegna ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Hér eru færðar heildartekjur ársins úr lífeyrissjóðum, eða samanlagðar tekjur úr öllum lífeyrissjóðum.

2.2 Séreignasparnaður

Hér er reitur fyrir úttekt á séreignasparnaði þrátt fyrir að það hafi ekki áhrif á útreikning Tryggingastofnunar.* Það getur verið að á forprentuðum tekjuáætlunum sé séreignasparnaður

samanlagður með öðrum lífeyrissjóðsgreiðslum og þarf þá að draga hann frá til aðgreiningar frá öðrum lífeyrissjóðsgreiðslum.

3. Aðrar tekjur

3.1 Aðrar tekjur

Hér eru færðar aðrar tekjur en þær sem nefndar eru hér að ofan, svo sem greiðslur úr sjúkrasjóðum, styrkir frá stéttarfélögum og greiðslur frá tryggingafélögum.

3.2 Áætlaðar tekjur frá RSK

Ef tekjuáætlun Tryggingastofnunar byggir á áætluðum tekjustofni skattfyrvalda birtist sú fjárhæð í þessum reit.

4. Fjármagnstekjur

Með fjármagnstekjum er alltaf átt við heildartekjur ársins. Fjármagnstekjur hjóna og sambúðarfólks eru skráðar sameiginlega. Athuga þarf að fjármagnstekjur eru í eðli sínu sveiflukenndar, einkum þegar um er að ræða sölu hlutabréfa eða annarra eigna. Því þarf að vanda til áætlunar þessara tekna. Einnig er mikilvægt að láta Tryggingastofnun vita ef síðar verða breytingar á fjármagnstekjum frá því sem nú er áætlað. Athugið að alltaf á að skrá heildarupphæð fjármagnstekna eins og þær birtast á framtali.

4.1 Vextir og verðbætur

Hér eru færðir áætlaðir vextir og verðbætur af bankainnistæðum.

4.2 Arður

Hér er færður áætlaður arður af hlutabréfum og stofnsjóðum samvinnufélaga.

4.3 Leigutekjur

Hér eru færðar hvers konar leigutekjur sem áætlað er að muni falla til á árinu.

4.4 Söluhagnaður

Hér er færður allur áætlaður skattskyldur söluhagnaður. Reynslan sýnir að algengt er að þessi tekjuliður sé vanáætlaður og að það valdi ofgreiðslu lífeyrisgreiðslna. Því er mikilvægt að huga vel að útfyllingu þessa reits.

Nánari upplýsingar

- Þjónustuvefur Tryggingastofnunar www.tryggur.is
- Upplýsingavefur Tryggingastofnunar www.tr.is
- Þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar í síma 560 4460 – grænt númer 800 6044
- Umboð Tryggingastofnunar – hjá sýslumönnum um land allt
- Netfangið tr@tr.is